

VII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

34
29. maí

39. gr.

Umboð fulltrúaráðs og framkvæmdarstjórnar Útvegsbanka Íslands h/f fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum, en fráfarandi bankastjórar eiga sama rétt á hendur hinum nýja banka, sbr. 37. gr., sem þeir hefðu átt á hendur Útvegsbanka Íslands h/f, ef stöður þeirra hefðu verið lagðar niður.

40. gr.

Í reglugerð, er bankaráð semur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu bankans. Má setja þar þau fyrirmæli um starfsemi hans, sem nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögnum.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 7 frá 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f, l. nr. 10 12. febr. 1940, l. nr. 107 27. des. 1952, bæði um breyt. á þeim l., og l. nr. 4 25. febr. 1932, um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f.

Ákvæði til bráðabirgða:

Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til ársloka 1962.

Hið nýkjörna bankaráð tekur við yfirstjórn bankans, um leið og hann tekur til starfa sem sérstök ríkisstofnun.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

35
29. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar því, er greinir í 9. gr. laganna, sbr. og 1. gr. laga nr. 39/1954, er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast erlend lán og skuldbindingar fyrir bankann að fjárhæð allt að 150 milljónir króna.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn. Skulu fjórir þeirra kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til sex ára í senn. Fimmta manninn

35 skipar fjármálaráðherra til jafnlangs tíma og er hann formaður bankaráðsins. Á 29. maí sama hátt skal kjósa og skipa varamenn, einn fyrir hvern aðalmann. Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara falla niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi og skipaðir af fjármálaráðherra í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1963.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

36

13. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsgr. 144. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannsæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.

2. gr.

Varamenn fyrir þá alþingismenn, er kjörnir voru í alþingiskosningunum 24. júní 1956, skulu taka sæti á Alþingi samkvæmt reglum 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.